

Fundargerð 782. fundar

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2010, föstudaginn 10. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjargbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Dagur B. Eggertsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Óttarr Ólafur Proppé, Guðríður Arnardóttir, Gunnar Einarsson, Elín R. Líndal, Eiríkur Björn Björgvinsson, Gunnlaugur Stefánsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Bjarni Harðarson í forföllum Jórunnar Einarsdóttur.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Varamaður boðinn velkominn - 1010002SA

Formaður bauð Bjarna Harðarson, varamann Jórunnar Einarsdóttur, velkominn á fundinn en hann sat nú stjórnarfund í fyrsta sinn.

2. Fundargerðir 780. og 781. fundar - 1001001SA

Lagðar fram til staðfestingar fundargerð 780. fundar frá 29. október 2010, og fundargerð 781. fundar frá 10. nóvember 2010.

Fundargerðirnar voru staðfestar og undirritaðar.

3. Samskipti ríkis og sveitarfélaga - 0409009SA

Lögð fram fundargerð Jónsmessunefndar frá 27. október 2010. Lagt fram minnisblað samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá 12. nóvember 2010, vegna samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga 2010.

4. Verkaskipti ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála - 0703106SA

Lagðar fram fundargerðir verkefnisstjórnar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála, frá 24. september 2010 - 53. fundur, 27. október - 54. fundur, 1. nóvember - 55. fundur, 3. nóvember - 56. fundur, og 12. nóvember - 57. fundur. Einnig lögð fram fundargerð 15. fundar samráðshóps um málefni starfsmanna vegna tilfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga frá 5. nóvember 2010.

5. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða - 1012009SA

Lagt fram undirritað samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga, ásamt viðaukum 1, 2, 5 og 7 A og B við samkomulagið.

Einnig lögð fram umsögn sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á

lögum um málefni fatlaðra, dags. 2. desember 2010, og umsögn sambandsins um frumvarp um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 301. mál, og umsögn sambandsins, dags. 9. desember 2010, um frumvarp um breytingar á ýmsum skattalögum, 313. mál.

Formaður gerði grein fyrir samkomulaginu og þeirri lausn í starfsmannamálum sem hann og framkvæmdastjóri náðu eftir fund stjórnarinnar 10. nóvember sl., sbr. bókun í 2. tölulið í fundargerð 781. fundar stjórnarinnar. Formaðurinn gerði einnig grein fyrir því samráði sem hann hafði við stjórnarmenn áður en frá samkomulaginu var gengið. Eftirfarandi bókun var samþykkt á fundinum:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir stuðningi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða, sem undirritað var 23. nóvember 2010, og lítur svo á að það sé sá grundvöllur sem lagasetning á Alþingi um yfirfærsluna muni byggjast á. Jafnframt staðfestir stjórnin heimild sem gefin var formanni og framkvæmdastjóra til undirritunar samkomulagsins fyrir hönd sveitarfélaganna, ýmist munnlega eða með tölvupósti, og fagnar þeim tímamótum sem framundan eru um næstu áramót í starfsemi sveitarfélaganna.

6. Kjaramálanefnd sambandsins - 1010019SA

Lögð fram fundargerð 1. fundar kjaramálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. nóvember 2010 og 2. fundar frá 8. desember 2010, ásamt tillögu að kjaramálastefnu sambandsins.

Afgreiðslu kjaramálastefnu frestað.

7. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - fundargerðir - 0801025SA

Lögð fram fundargerð 16. fundar verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála frá 3. desember 2010.

8. Úrvinnsla tillagna tekjustofnanefndar - 0905170SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 7. desember 2010, um úrvinnslu tillagna tekjustofnanefndar.

Stjórnin lýsti ánægju sinni með úrvinnsluna og samþykkti þær aðgerðir sem lagðar eru til í minnisblaðinu.

9. Samskipti við mennta- og menningarmálaráðuneyti - 0911007SA

Lögð fram greinargerð, dags. 6. desember 2010, frá óformlegum vinnuhópi mennta- og menningarmálaráðuneytisins og sambandsins um greiningu á kostnaði við rekstur grunnskóla.

Ítarleg umræða fóru fram um greinargerðina. Stjórnin var einhuga um nauðsyn þess að greinargerðin verði rædd á næstunni og lagði áherslu á að leitað verði allra leiða til þess að sveitarfélögunum verði skapað eðlilegt svigrúm til að hagræða í rekstri grunnskólans. Varpað var fram hugmynd um að haldið yrði málþing um hagræðingarleiðir í rekstri grunnskólans í upphafi næsta árs.

10. Samstarfsverkefni á sviði úrgangsmála, sjálfbærrar þróunar og almennra umhverfismála - 1012020SA

Lagður fram til staðfestingar samstarfssamningur sambandsins og umhverfisráðuneytisins, dags. 7. desember 2010, um verkefni á sviði sjálfbærrar þróunar, vöktunar EES-gerða um verkefni sveitarfélaga á umhverfissviði og almenna samvinnu á sviði umhverfismála, sbr. 4. tölulið fundargerðar 780. fundar frá 29. október 2010.

Samstarfssamningurinn var staðfestur.

11. Gagnsæi launagreiðslna - 1012015SA

Lagt fram erindi Mosfellsbæjar, dags. 28. október 2010, til stjórnar sambandsins, varðandi gagnsæi launagreiðslna ásamt tillögum frá Jóni Jósef Bjarnasyni, dags. 15. september 2010, sem lagðar voru fram á landsþingi sambandsins 29. september 2010.

Frestað til næsta fundar og framkvæmdastjóra falið að undirbúa afgreiðslu málsins.

12. Þóknanir til fulltrúa í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - 1011009SA

Lagt fram bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 18. nóvember 2010, vegna þóknana til fulltrúa í ráðgjafarnefnd jöfnunarsjóðsins, ásamt bréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þar sem óskað er tilnefningar í ráðgjafarnefnd samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en í bréfi ráðuneytisins er þess getið að ekki verði greidd þóknun fyrir störf nefndarinnar.

Þá gerði formaður grein fyrir bréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 9. desember 2010, þar sem fallist er á sjónarmið sambandsins í framangreindu bréfi og tilkynnt að þóknanir vegna starfa fulltrúa sambandsins í ráðgjafarnefnd jöfnunarsjóðs verði framvegis 14 nefndarlaunaeiningar á hvern tilnefndan fulltrúa í stað 27 eininga áður.

Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundinum:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með því skilyrði að þóknanir fulltrúa sveitarfélaganna í ráðgjafarnefndinni verði ekki lækkaðar hlutfallslega meira, frá því sem nú er, en þóknun til formanns nefndarinnar.

Tilnefnd voru sem aðalmenn Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarmaður í Sveitarfélaginu Skagafirði, Björk Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, Hermann Jón Tómasson, bæjarfulltrúi á Akureyri, og Þórunn Egilsdóttir, sveitarstjórnarmaður í Vopnafirði. Til vara voru tilnefnd Halla Sigríður Steinólfsdóttir, sveitarstjórnarmaður í Dalabyggð, Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, Árni Rúnar Þorvaldsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði, og Albertína Elíasdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ.

13. Tilnefning í stjórn Úrvinnslusjóðs - 1011019SA

Lagt fram bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 18. nóvember 2010, þar sem

óskað er tilnefningar sambandsins á einum fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs.

Tilnefndur var Ögmundur Einarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri SORPU. Vegna sérþekkingar hans á þessu sviði er það talin hlutlæg ástæða til að víkja frá ákvæðum 1. másl. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. 2. másl. 2. mgr. 15. gr. sömu laga.

14. Tilnefning í nefnd um vinnustaðanámssjóð - 1011005SA

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 28. október 2010, þar sem óskað er tilnefningar sambandsins á einum fulltrúa í nefnd um vinnustaðanámssjóð og annars til vara.

Tilnefnd var Guðfinna Harðardóttir, mannauðssérfræðingur á kjarasviði sambandsins. Vegna sérþekkingar hennar á þessu sviði er það talin hlutlæg ástæða til að víkja frá ákvæðum 1. másl. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. 2. másl. 2. mgr. 15. gr. sömu laga. Til vara var tilnefndur Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins.

15. Tilnefning í samstarfshóp um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum - 1012013SA

Lagt fram bréf umhverfissráðuneytisins, dags. 2. desember 2010, þar sem óskað er tilnefningar sambandsins á einum fulltrúa í samstarfshóp um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.

Tilnefnd var Ellý Katrín Guðmundsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar. Vegna sérþekkingar hennar á þessu sviði er það talin hlutlæg ástæða til að víkja frá ákvæðum 1. másl. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. 2. másl. 2. mgr. 15. gr. sömu laga.

16. Tilnefning í Æskulýðsráð - 1012014SA

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 30. nóvember 2010, þar sem óskað er tilnefningar sambandsins á tveimur fulltrúum í Æskulýðsráð.

Tilnefnd voru Margrét Sigurðardóttir, forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Selsins á Seltjarnarnesi, og Björn Bjarki Þorsteinsson, bæjarfulltrúi í Borgarbyggð.

17. Tilnefning í samráðshóp til að útfæra stefnu um rafræna þjónustu ríkis og sveitarfélaga á Ísland.is - 1012011SA

Lagt fram bréf forsætisráðuneytisins, dags. 3. desember 2010, þar sem óskað er tilnefningar sambandsins á tveimur fulltrúum í samráðshóp til að útfæra stefnu um rafræna þjónustu ríkis og sveitarfélaga á Ísland.is.

Tilnefnd voru Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, og Hreinn Hreinsson, forstöðumaður skrifstofu vefþróunar Reykjavíkurborgar.

18. Landsþing sambandsins 2011 - 1010020SA

Lögð fram drög að tímasetningum stjórnarfundu og landsþings á fyrri hluta ársins 2011.

Samþykkt var að boða til XXV. landsþings sambandsins föstudaginn 25.

mars 2011 í Reykjavík.

19. Heildarendurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga - 0901043SA

Lagðar fram til kynningar upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, móttæknar 2. desember 2010, um stöðu mála við innleiðingu á tillögum starfshóps um heildarendurskoðun jöfnunarsjóðs.

20. Húsaleigubætur - 0408054SA

Lagt fram til kynningar bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til framkvæmdastjóra sveitarfélaga, dags. 9. nóvember 2010, vegna uppgjörs framlaga vegna húsaleigubóta á árinu 2009.

21. Skólaskýrsla 2010 - 1009007SA

Lögð fram til kynningar Skólaskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2010.

22. Velferðarvaktin - 0902056SA

Lagt fram til kynningar bréf Velferðarvaktarinnar, dags. 25. október 2010, til félags- og tryggingamálanefndar Alþingis með áskorun um aðgæslu þegar ákvarðanir eru teknar í hagræðingarskyni.

23. Tilnefning í samráðshóp um húsnaðisstefnu - 1011001SA

Lagt fram til kynningar bréf félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 27. október 2010, þar sem óskað er tilnefningar sambandsins á einum fulltrúa í samráðshóp um húsnaðisstefnu og annars til vara. Einnig lagt fram bréf sambandsins, dags. 2. nóvember 2010, þar sem að sambandið tilnefnir þau Ingibjörgu Jónsdóttur, deildarstjóra í félagsþjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar, og Daníel Jakobsson, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, í samráðshópinn. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki sem aðalman verður varamaður hins.

24. Tilnefning í nefnd um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla - 1011016SA

Lagt fram til kynningar bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 15. nóvember 2010, þar sem óskað er tilnefningar á einum fulltrúa sambandsins í nefnd um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Einnig lagt fram bréf sambandsins, dags. 30. nóvember 2010, þar sem að sambandið tilnefnir skv. 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 þau Laufeyju Ólafsdóttur, forstöðumann tónlistarmála menntasviðs Reykjavíkurborgar, og Guðjón Bragason, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins.

25. Tilnefning í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna - 1011012SA

Lagt fram til kynningar bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 15. nóvember 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á tveimur fulltrúum í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Jafnframt lagt fram svarbréf sambandsins, dags. 8. desember 2010, þar sem tilnefnd eru Heiða Kristín Helgadóttir eða Karl Sigurðsson, borgarfulltrúi í Reykjavík.

26. Þingsályktunartillaga um stefnumótandi byggðaáætlun 2010-2013 - 0904131SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins að endurfluttri tillögu til

Þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2010-2013, dags. 5. nóvember 2010.

27. Frumvarp um grunngerð landupplýsinga - 0912028SA

Lagt fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 1. desember 2010, um frumvarp um grunngerð landupplýsinga.

28. Frumvarp til laga um ríkisábyrgðir - 1011010SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 6. desember 2010, um frumvarp til laga um ríkisábyrgðir.

29. Frumvarp um skeldýrarækt - 1004020SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 30. nóvember 2010, um frumvarp um skeldýrarækt.

30. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða - 1011010SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 11. nóvember 2010, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

31. Frumvarp um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi - 1011010SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 30. nóvember 2010, um frumvarp um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

32. Frumvarp til laga um úrvinnslugjald - 1011010SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 6. desember 2010, um frumvarp til laga um úrvinnslugjald.

33. Frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja - 1011010SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 6. desember 2010, um frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja.

34. Frumvarp til laga um húsnæðismál - 1011010SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 11. nóvember 2010, um frumvarp til laga um húsnæðismál.

35. Frv. til laga um br. á l. um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. - 1012016SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 7. desember 2010, um frumvarp um vörugjald af ökutækjum o.fl., 197. mál.

36. Ályktanir aðalfundar Skólastjórafélags Íslands - 1011024SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir aðalfundar Skólastjórafélags Íslands sem haldinn var á Selfossi 15. október 2010.

Fundi var slitið kl. 14:55.

Halldór Halldórsson

Dagur B. Eggertsson

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Óttarr Ólafur Proppé

Guðríður Arnardóttir

Gunnar Einarsson

Elín R. Líndal

Eiríkur Björn Björgvinsson

Gunnlaugur Stefánsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Bjarni Harðarson

framkvæmdastjóri

ritari